

Fundur í Öldungaráði Snæfellsbæjar þann 11. október 2021.

Haldinn í Áttthagastofunni í Ólafsvík kl 16,00 Fundur no 12 frá upphafi.

Mættir: Erla Laxdal formaður, Jóhanna Gunnarsdóttir, Svanhildur Pálsdóttir og Pétur Steinar Jóhannsson sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði.

Brynja Mjöll Ólafsdóttir ráðgjafi félags- og skólaþjónustu Snæfellinga mætti á fundinn að beiðni ráðsins og svaraði greiðlega öllum spurningum fundarmanna um liðveislu á heimilum hjá þeim sem þess þurfa. Góðar umræður urðu um þennan málaflokk og var Brynju lokum þakkað fyrir komuna á fundinn.

Í framhaldi af komu Brynju var tekin fyrir nokkur áhersluatriði sem samþykkt voru á fundi landssambands eldri borgara sem kynnt voru fyrir síðustu alþingiskosningar. Þetta eru mál sem varða bæði ríkið og sveitarfélögin.

Mál no 1: Vinna eftirlaunafólks: Fundarmenn ræddu um hve mikilvægt væri að fólk sem komin er á aldur fái að vinna hjá ríki og bæ eins og það óskar án skerðingar almenna tryggingakerfinu. Einnig að lágmarkslífeyrir verði ekki lægri en lágmarkslaun á almennum markaði. Þá ennfremur að ellilífeyrir og frítækjumörk verði samkvæmt launavísitölu Hagstofu Íslands og hækki sem vísitölnunni nemur. Við bendum á í þessu sambandi að starfslok miðist við færni til starfa en ekki aldur. Þetta er mjög þýðingarmikið en einstaklingsbundið.

Mál no 2: Heilsugæslan: Þýðingarmikið er að eftirlaunafólk geti lifað mannsæmandi lífi í sínum húsum með reisu. Til þess þurfa sveitarfélög og ríki að stórauka samvinnu sín á milli í þessum málaflokki með það að markmiði að heilsugæslan verði vagga öldrunarþjónustunnar. Heilsugæslan nálgist eldra fólk fyrr á lífsleiðinni þá með samvinnu lækna, hjúkrunarfræðinga og þá er félagsþjónusta sveitarfélaganna þýðingarmikil. Þá má nefna að nauðsynlegt er að þáttur aðstandenda verði metinn til launa með umönnunarálagi.

Mál 3: Búseta heima: Eins og flestum er ljóst þá hentar búseta á eigin heimili ekki öllum þó þeir þurfi ekki dvöl á hjúkrunarheimili. Búsetuúrræði fyrir eldra fólk eru hins vegar alltof fábreitt og það vantar millistig á milli búsetu á eigin heimili og hjúkrunarheimili. Mjög brýnt er að byggja upp þannig búsetuform til hagsbóta fyrir eldra fólk og þá ekki síður fyrir velferðarkerfið.

Mál no 4: Í þessu sambandi fagnar Öldungaráð fyrirætlunum um smíði á raðhúss/a í Snæfellsbæ sem var undir minnisþingum bæjarstjóra á bæjarstjórnarfundum samkvæmt fundargerð þann 11. maí sl. Öldungaráð hefur áður fjallað um á sínum fundum nauðsyn á byggingu parhúsa/raðhúsa í Snæfellsbæ sem gætu hentað fyrir eldri borgara.

Mál no 5: Fasteignagjöld 2022: Fundarmenn ræddu um hækkun fasteignagjalda á íbúðarhúsnæði í Snæfellsbæ. Eins og fram kemur í meðfylgjandi grafi frá skrifstofu Snæfellsbæjar þá hafa fasteignagjöld í Snæfellsbæ hækkað mikið á þessu kjörtímabili. Samkvæmt FMR þá hækka fasteignagjöld um 7% í Ólafsvík á milli ára 2021-2022 og um 4 % utan Ennis. Þess má geta að samkv Hagstofu Íslands hefur launavísitala hækkað um 19,7% frá því í ágúst 2018 til ágúst 2021. Bætur sem fólk fær frá lífeyrissjóði og Tryggingarstofnun veða ekki hátt í heimilisbókhaldinu. Því brýnir Öldungaráðið bæjarstjórn Snæfellsbæjar til að skoða afsláttarkjör til elli-og örorkulífeyrirþega enn betur en gert hefur verið.

Fasteignamat í Snæfellsbæ	
	Hækkun
2015	2,50%
2017	3,10%
2018	9,70%
2019	9,70%
2020	2,70%
2021	3,60%
2022	4,90%
Heildarhækkun:	36,20%

Mál no 6: Önnur mál. Fundarmenn voru áhugasamir um að fá fund með bæjarstjórn Snæfellsbæjar til upplýsingar um nokkur mál varðandi málaflokk eldri borgara í bæjarfélaginu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 17,30.

Virðingarfyllt

Pétur Steinar Jóhannsson.